

Alþingi  
Erindi nr. Þ 120/1712  
komudagur 14.4.2004



Alþingi Íslendinga  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804  
Netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 7. apríl 2004

Tilvísun: FEL04030036/0004/HSG/--

Félagsmálaráðuneytið vísar til erindis yðar, dags. 10. mars sl., þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins vegna tillögu til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál. Málefni er lúta að frjálsri för launafólks og þjónustuviðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins sem og þátttöku ríkisborgara annarra ríkja á innlendum vinnumarkaði hafa mjög verið til umræðu á samráðsvettvangi ráðuneytisins og samtaka aðila vinnumarkaðarins á síðastliðnum mánuðum. Þar á meðal hefur staða starfsmanna er starfa hér á landi á vegum erlendra starfsmannaleiga sérstaklega verið rædd.

Starfsmannaleigur með staðfestu í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins hafa heimild á grundvelli 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið til að senda tímabundið hingað til lands starfsmenn sína í því skyni að veita hér þjónustu án þess að hafa staðfestu hér á landi. Um réttarstöðu starfsmanna þeirra eru í gildi lög nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Löggin eru að efni til byggð á tilskipun Evrópubandalagsins nr. 96/71/EB, um útsenda starfsmenn. Enn fremur er sérstök heimild í 10. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, til að veita tímabundin atvinnuleyfi til þriðja ríkis borgara sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð hér á landi. Íslensk lög taka að takmörkuðu leyti til starfsemi þessara fyrirtækja er þau veita hér þjónustu, hvort sem starfsstöð þeirra er innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem þau hafa ekki staðfestu hér á landi.

Félagsmálaráðherra sendi í nóvember sl. erindi til vinnumálaráðherra annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem óskað var eftir upplýsingum er lúta að framkvæmd efnis tilskipunar nr. 96/71/EB, um útsenda starfsmenn. Hafa nú þegar margir svarað. Á sama tíma sendi ráðuneytið jafnframt erindi til Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins þar sem leitað var eftir afstöðu þeirra til starfsemi starfsmannaleiga hér á landi. Í kjölfarið hefur verið ákveðið að kalla saman óformlegan starfshóp þessara aðila til að fara yfir málið í heild sinni. Þykir því ekki tímabært að svo stöddu að umrædd þingsályktunartillaga verði samþykkt.

F. h. r.

 Gylfi Kristjánsson

 Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir